

Grunnskólinn í Stykkishólmi

# LAESI



2017-2018

## **Inngangur**

**Læsisstefnu** Grunnskólans í Stykkishólmi er lýst í þessu skjali. Hér er gerð tilraun til að lýsa hugmyndum okkar um lestrarnámið og setja á blað hvernig skipulag við viljum hafa á lestrarkennslu í skólanum. Einnig fylgir með áætlun til næstu þriggja ára um helstu áherslur og viðfangsefni sem við teljum til þess fallin.

Sú menntastefna sem birtist í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla er reist á sex [grunnþáttum menntunar](#). Einn þessara grunnþátta er **læsi**. Að setja fram stefnu skólans í lestri eða læsi er hluti af endurskoðun skólanámskrár og þáttur í innleiðingu aðalnámskrárinnar.

Önnur ástæða þess að farið var í að skoða lestrarkennsluna er að á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk síðustu ár hefur árangri nemenda Grunnskólans í Stykkishólmi í lestri og lesskilningi hrakað og hann ekki verið ásættanlegur. Athugun á því hvernig lestrarkennslu og –þjálfun er háttað í skólanum og gerð stefnu og áætlunar um að efla lestrarkennsluna er tilraun til að bæta árangur nemendanna.

Í lok nóvember 2012 voru þrír kennarar skipaðir í starfshóp sem fékk það verkefni að fara yfir niðurstöður samræmdra prófa og koma með tillögur að því hvernig best væri að bregðast við þeim. Hópurinn lagði til að umsjónarkennarar 1. – 6. bekkjar ásamt sérkennurum og íslenskukennurum ynnu sameiginlega að því að endurskoða lestrarkennslu við skólann. Kennarahópurinn hittist reglulega frá janúar til apríl og las sér til ásamt því að kynna sér hvernig aðrir skólar hafa tekið á þessum málum. Meðal annars heimsótti einn kennari þrjá skóla í Reykjavík og kynnti sér hvernig þar var staðið að málum við gerð læsisstefnu.

Þegar kom að framsetningu stefnunnar fengum við góðfúslegt leyfi frá kennurum Háaleitisskóla í Reykjavík til að nota þeirra plagg sem fyrirmynd og færum við þeim bestu þakkir fyrir það.

Stefnan á fyrst og fremst að vera rammi starfsins fyrir kennarana en hún er líka ætluð foreldrum til upplýsingar enda eiga þeir að vera **virkir þátttakendur** í lestrarnámi barna sinna.

## **Læsi - Stefna og áherslur**

**Læsi** er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt **Aðalnámskrá grunnskóla** (2013). Læsi er forsenda fyrir góðum árangri í bóknámi. Það stuðlar auk þess að almennum þroska nemenda, styrkir félagslega færni og eykur ánægju og almenna vellíðan þeirra.

Mikilvægi læsis hefur aukist til muna á undanförunum áratugum samfara örri þróun upplýsingatækni og breyttum samfélagsháttum. Þessi þróun gerir auknar kröfur til einstaklinga um læsi í víðum skilningi orðsins (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:17).

Í aðalnámskrá segir enn fremur að „góð lestrarfærni [sé] undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar“ (2013:99).

Þótt áhersla sé lögð á það í aðalnámskrá, að skilja beri hugtakið læsi í víðari skilningi en venja hefur verið, þá er þar engan veginn dregið úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi, þ.e. að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni (2013:19).

Markmið læsisstefnu **Grunnskólans í Stykkishólmi** er að efla **færni nemenda í talmáli, lestri og ritun**. Lögð er áhersla á að nemendur

- öðlist **öryggi** í lestri og nái góðum **leshraða**.
- tileinki sér **fjölskrúðugan orðaforða** og **góðan skilning** á orðum og hugtökum.
- verði færir um að **tjá sig** á fjölbreyttan hátt bæði í talmáli og ritmáli.

Góð lestrarfærni snýr að **lesskilningi, lestraröryggi** og **leshraða** og lestrarkennslu ætti ekki að ljúka þótt ásættanlegum leshraða hafi verið náð. Því þó að nemandi hafi náð góðum leshraða er ekki endilega víst að honum fylgi lestraröryggi og skilningur (Bergljót Vilhelmina Jónsdóttir, 2010:3).

Það er samstarfsverkefni **allra kennara skólans** að stuðla að því með kennsluháttum sínum í **öllum námsgreinum** að nemendur verði vel læsir. Læsiskennsla stendur yfir alla skólagöngu nemenda. Henni lýkur ekki þegar nemendur eru orðnir tæknilega læsir, þá heldur þjálfunin áfram og við bætist kennsla og æfing í lesskilningi. Læsi tekur því til **allrar skólagöngu nemenda** og á erindi við **alla kennara og allar námsgreinar**.

### **Hlutverk foreldra og heimila**

Menntun nemenda er **sameiginlegt verkefni** heimila og skóla (Aðalnámskrá grunnskóla – greinasvið 2013:71). Á heimilum barnanna er lagður grunnur að læsi þeirra og sá áhugi sem þar er sýndur á lestri er mikilvægur fyrir lestraráhuga þeirra og allt nám. Hlutverk foreldra er því mikilvægt í lestrarnáminu.

Segja má að í skólanum séu lestraraðferðir lagðar inn og kenndar en þjálfunin fer að miklu leyti fram á heimilinu. Stuðningur foreldra og dagleg lestrarþjálfun stuðlar mjög að framförum og það er margt í lestrarkennslunni sem er aðeins hægt að gera heima. **Góður aðgangur að lesefni** örvar áhuga barna á lestri og það hefur jákvæð áhrif á málþroska barna að **lesa daglega fyrir þau og ræða um innihald** þess sem lesið er. Það eflir hlustunarskilning, sem er ein undirstaða lesskilnings, og gerir það að verkum að það lestrarnám sem fram fer í skólanum verður síður framandi (Bergljót Vilhelmina Jónsdóttir, 2010:67-68).

Í byrjun lestrarnámsins þarf að gera ráð fyrir **15 – 30 mín. lestrarstund heima** á hverjum degi. Leggja verður áherslu á að lestrarstundin sé notaleg og ánægjuleg samlestrar- og samræðustund barns og foreldra. Þegar barnið hefur náð tökum á lestrartækninni er samt sem áður mikilvægt að haldið sé áfram að ræða lesefni heima fyrir og lesa fyrir barnið. Þannig má stuðla að bættri lestrarfærni og málnotkun. Það er ekki síður til þess að **viðhalda áhuga barnsins á lestri** en hann vill oft dvína þegar líður á skólagönguna.

## Heimalestur - nokkrar góðar ábendingar:

Víða má finna góð ráð og ábendingar um það hvernig foreldrar og annað heimilisfólk getur örvað lestraráhuga barna og aðstoðað þau við lestrarnámið. Þar má t.d. benda á vef [Heimilis og skóla](#), [Lesvefinn](#) og vefinn [BarnUng](#) þaðan sem neðangreindar ábendingar eru ættaðar:

- Börn læra það sem fyrir þeim er haft. Ef þau sjá foreldra sína taka bók fram yfir tölvu eða sjónvarp aukast líkurnar á því að þau kjósi sjálf að lesa.
- Ræddu um bókmenntir við barnið þitt, um bókina sem það er að lesa og upplifun þína af því sem þú lest.
- Farið saman á bókasafnið og skoðið bæði barna- og fullorðinsbækur. Sýndu barnabókunum áhuga og finndu bækur sem þú hefur áhuga á að lesa.
- Lestu bækur sem barnið þitt er að lesa þannig að þið getið rætt saman um bækurnar. Með því að lesa barna- og unglingabækur getur þú líka mælt með bókum við barnið þitt. Góð bók stendur alltaf fyrir sínu hvort sem hún heitir barna- eða fullorðinsbók.
- Lestu fyrir barnið ef bókin byrjar hægt og því gengur illa að komast inn í atburðarásina. Einnig getið þið skipst á að lesa ef barninu sækist lesturinn hægt. Enginn er of gamall til að láta lesa fyrir sig! Hljóðbækur og útvarpssögur æfa okkur einnig í að hlusta og þjálfra einbeitingu.
- Gerðu lesturinn að notalegri stund. Það er allt eins hægt að kúra með snarl og drykk yfir góðri bók eins og bíómynd.

(Þuríður J. Jóhannsdóttir og Torfi Hjartason)

## **Læsi – kennsluaðferðir og þjálfun**

Við Grunnskólann í Stykkishólmi er lögð áhersla á að náms- og kennsluhættir séu fjölbreyttir og að lestrarkennsla sé í samræmi við þroska og færni nemenda. Strax við upphaf skólagöngu er leitast við að nemendur vinni með **lesefni sem vekur áhuga** þeirra og að unnið sé með **merkingarbæran texta**.

### **Byrjendalæsi**

Byrjendalæsi er aðferði í lestrarkennslu sem hentar fyrstu bekkjum grunnskólans. Aðferðin er samvirk kennsluaðferð sem byggir á heildstæðri nálgun allra þátta móðurmálsins. Lögð er áhersla á samþættingu tals, hlustunar, lesturs og ritunar. Uppbygging Byrjendalæsis er í þremur þrepum. Fyrir hverja viku semja kennara kennsluáætlun sem nær yfir þessi þrjú þrep. Í fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn fyrir nemendur, t.d. barnabók, ljóð eða fréttatexti. Í öðru þrepi er unnið með tæknilega þætti sem varða lestrarnám, t.d. stafainnlögn, hljóðvitund, sambands stafs og hljóðs eða önnur markmið. Í þriðja þrepi er efni samið út frá upphaflega textanum. Sú vinna getur farið fram sem teikning, hugtakakort, ritaður texti eða leikræn tjáning svo eitthvað sé nefnt.

Við upphaf lestrarnáms er geta nemenda misjöfn. Byrjendalæsi leggur upp úr því að nemendur geti lært hlið við hlið en þó fengið ögrandi verkefni við hæfi hvers og eins í almennri kennslu. Mikið er lagt upp úr félagastuðningi nemenda og því vinna þeir oft í hópum. Lestrarleikir og spil tryggja samskipti þar sem nemendur styðja hver annan og keppa að því að ná árangri. Nemendur eru virkir þátttakendur og námið verður skemmtilegra.

Vinnubrögð sem stuðla að **samvinnu, samræðum** og **munnlegri umfjöllun** á að hafa að leiðarljósi við lestrarkennsluna. Þannig er ýtt undir að nemendur tileinki sér **nýjan orðaforða, betri skilning á mæltu máli og lesefni** og **aukna leikni í að tjá sig í töluðu og rituðu máli**. Nemendur eiga að fá tækifæri til að ræða lesefni sitt, segja frá því og vinna með það á fjölbreyttan hátt.

Grunnur að mállegri og læsistengdri færni er lagður í yngstu bekkjunum en í öllum árgöngum á að leggja áherslu á **markvissa kennslu og þjálfun í lestri, mál- og lesskilningi og tjáningu**. Leita á eftir **samvinnu við heimili** um lestur og verkefnavinnu af ýmsu tagi enda eiga foreldrar að vera virkir þátttakendur í lestrarnámi barna sinna.

Í eftirfarandi töflum eru talin upp ýmis **viðfangsefni** og **afærðir** sem beitt er í læsiskennslu:

Lestrarkennsluaðferðir, lestrarþjálfun	1. - 3. bekkur	4. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Þjálfun hljóðkerfisvitundar				
Unnið með þulur, vísur, söng og rím				
Stafainnlögn				
Hljóðaaðferð				
Sundurgreinandi aðferð				
Heildaraðferð, orðaaðferð				
Hermilestur				
Uppllestur fyrir kennara				
Lestrarþjálfun heima				
Lestrarþjálfun í námsforritum				

Paralestur <b>PALS</b>				
Samlestur í hópum				
Upplestur, framsögn				
Leiklestur, framsögn				
Leitarlestur				
Lestur myndrita, korta o.þ.h.				
Lestur ólíkra textagerða				
Framsagnarþjálfun				
Skimunarlestur, yfirlitslestur				
Frjáls lestur, í skóla og heima - Yndislestur				

<b>Mál- og lesskilningur, kennsluaðferðir og þjálfun</b>	<b>1. bekkur</b>	<b>2. - 3. bekkur</b>	<b>4. – 7. bekkur</b>	<b>8. – 10. bekkur</b>
Kennari les upp gæðatexta (bókmennir, fræðitexta), nemendur hlusta og rætt er um efni hans				
Samlestur í hópum og umræður um textann				
Merkingar orða leitað út frá samhengi í texta				
Kennd merking og notkun nýrra orða, orðasambanda og hugtaka				

Kennsla orðaforða í gegn um umræður og lestur fjölbreytts texta s.s. bókmennta, námsgreina, dagblaða og tímarita				
Kenndur lestur stærðfræðitákna og skilningur á þeim þjálfaður				
Sjálfstæð vinna skv. skriflegum fyrirmælum				
Munnleg og skrifleg lesskilningsverkefni				
Munnleg og skrifleg úrvinnsla texta af ýmsu tagi				
Svara leitað í texta af ólíkri gerð				
Unnið að lausn orðadæma, gátna og þrauta				
Gagnvirkur lestur				
Unnið með vísur og ljóð				
Kennsla bókmenntahugtaka				
Myndræn útfærsla á lestexta				
Glósuvinna nemenda, útskýring orða og hugtaka				
Útdrættir úr texta				
Munnlegar frásagnir og endursagnir				
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, ppt- kynningar				
Hópumræður, málfundir, þjálfun í rökstuðningi				
Leikræn tjáning				

**Lestraráhugi – yndislestur – lestur bókmennta**

Að lesa sér til yndis og ánægju eykur ekki aðeins orðaforða, eflir lesskilning og færni í stafsetningu og ritun heldur dýpkar það skilning okkar á heiminum, kennir um fólk og fyrirbæri og eykur samkennd. Ekki síst veitir það gleði og ánægju. Því ættu allir að leggjast á eitt, heimili og skóli, um að gera lestur að sjálfsgöðum hluta lífstíls nemenda. **Þeir lestrarskiðir sem börn temja sér ung fylgja þeim alla ævi.**

**Frjáls lestur, yndislestur, á að vera hluti af daglegu skólastarfi Grunnskólans í Stykkishólmi.** Með því að gefa lestri tíma af þéttskipaðri stundatöflu skólans sýna kennarar nemendum fram á mikilvægi lesturs. **Nemendur eiga að lesa bækur að eigin vali daglega** eða ákveðna tíma vikunnar. Að auki á að hvetja nemendur með ýmsu móti til að lesa heima og þeir eiga að fá endurgjöf við því hve duglegir

þeir eru við að sinna lestri heima. Foreldrar yngri barna eru hvattir til að lesa reglulega með börnum sínum og fyrir þau.

Eigi nemendur að ná góðum tókum á lestri og verða áhugasamir lesendur eftir skólagöngu sína þurfa þeir kennslu og þjálfun í lestri, hvatningu og stuðning, tíma til að lesa og **umhverfi sem hvetur þá til lesturs.** Aðgengi að hvers kyns bókum, blöðum og textum verður að vera gott. Það hvetur börn til lestrar ef þau hafa bækur fyrir augunum daglega sem höfða til þeirra og vekja áhuga.

Kennarar **eiga** að hvetja til umræðna um það sem nemendur lesa. Nemendur allra árganga **eiga** reglulega að fá tækifæri til að segja frá bókum sem þeir hafa lesið eða kynna þær með öðru móti. Kennarar **eiga** jafnframt að segja sjálfir frá bókmenntum og öðru lesefni sem þeir hafa lesið með það í huga að vekja áhuga nemenda og örva þá til lestrar.

Kennarar í 1. – 7. bekk **eiga** að lesa **sögubækur upphátt** fyrir nemendur sína. Í 8. – 10. bekk **eiga** íslensku- og tungumálakennarar einnig að **lesa upp bókmenntatexta** fyrir nemendur og/eða **segja munnlega frá efni bóka.** Í tengslum við upplestur kennara og kynningar nemenda gefast góð tækifæri til umræðna um söguefnið, bókmenntahugtök og aðrar bækur.

Hafsteinn Karlsson skólastjóri birtir góð ráð til kennara í bók sinni *Að lesa og skrifa: Handbók fyrir móðurmálskennara*. Þar bendir hann á að kennari geti gert margt til að vekja áhuga nemenda sinna á lestri:

- Hann getur lesið fyrir þau og sagt þeim skemmtilegar sögur.
- Hann getur gefið þeim tíma til að lesa og hjálpað þeim að finna áhugaverðar bækur.
- Líkt og foreldrar er kennarinn nemendum sínum fyrirmynd í lestri. Hann ætti því ekki að hika við að lesa **með** nemendum og ræða við þá um eigin lestur sem og þeirra.
- Kennarinn getur útbúið bókalista með góðum bókum, sýnt kvikmyndir í tengslum við bóklestur og spilað fyrir nemendur sögur lesnar af færum lesurum.
- Bókakynningar eru vel til þess fallnar að vekja áhuga á bókum, bæði nýútgefnum sem og eldri gæðabókum. Kennarar geta staðið fyrir bókakynningum, þeir geta sjálfir kynnt bækur, fengið foreldra eða aðra úr samfélaginu til þess eða falið nemendum að sjá um bókakynningar.
- Leshringir meðal kennara og nemenda eru vel til þess fallnir að efla lestrarmenningu.



Með því að lesa **sömu** bækur og nemendur sýnir kennarinn þeim að þær bókmenntir séu merkilegar og verður í leiðinni betur í stakk búinn til að mæla með bókum við nemendur.

(Hafsteinn Karlsson 2005)

Í 1. – 10. bekkjum á reglulega að **blása til lestrarátaks**. Það fyrsta á að hafa að hausti til að nemendur rifji upp lestrarfærni sína sem oft vill hraka yfir sumarið. Síðan á að endurtaka lestrarátak síðar á skólaárinu til að efla lestrarfærni eða auka lestraráhuga nemenda. Nemendur á að hvetja til að lesa sem mest t.d. með því að gera árangur þeirra sýnilegan, hengja upp á vegg nöfn þeirra bóka eða blaðsíðufjölda sem þeir lesa, setja upp súlurit o.fl. þess háttar. Nemendur eiga að fá viðurkenningu fyrir árangur sinn í lestrarátaki og setja má átakið upp sem keppni milli nemenda eða bekkja í sama árgangi.

Nemendur 7. bekkjar **eiga** árlega að taka þátt í **Stóru upplestrarkeppninni**. Í tengslum við hana er lögð mikil áhersla á markvissa kennslu í upplestri og framsögn. Stóru upplestrarkeppnina má líka að hafa sem fyrirmynd að upplestrarkeppni í 5. og 9. bekk enda er undirbúningur fyrir slíka keppni góð leið til að efla sjálfstraust nemenda og getu og þor til að koma fram og tala frammi fyrir öðru fólki.

### **Skólasafnið**

Starfsemi **skólasafnsins** er mikilvæg fyrir allt skólastarfið. Skólasafnið gegnir ekki síst mikilvægu hlutverki í því að kveikja, örva og viðhalda áhuga nemenda á lestri. Safnvörður sér um að kynna bókakost safnsins fyrir nemendum og starfsmönnum, bæði eldra efni og það sem bætist nýtt við.

Nemendur allra árganga fá aðstoð, hvatningu og ráðgjöf við val á frjálsu lesefni við hæfi. Rætt er við nemendur um efni þeirra bóka sem þeir lesa og reynt að vekja áhuga þeirra á lestri fjölbreyttra bóka. Lesefnið getur ýmist verið valið eftir óskum hvers og eins eða í samvinnu við umsjónarkennara t.d. þegar lestrarátak stendur yfir.

Á skólasafninu vinna nemendur ýmis verkefni sem tengjast einstökum námsgreinum. Safnið er vinnustaður nemenda og safnvörður kennir nemendum **umgengni á bókasafninu** og leiðbeinir þeim við **heimildaleit**.

Kennarar skipuleggja vinnu nemenda sinna á skólasafninu í samráði við safnvörð og eru hvattir til að nýta safnið til þess að auka áhuga nemenda sinna á bóklestri. Hægt er að hafa þar **bókakynningar**, leita eftir **samstarfi við eldri borgara**, skipuleggja t.d. **lestrarstundir** þegar blásið er til lestraátaks og ýmsa fleiri viðburði.

### **Lestur námsgreina**

Þegar nemendur hafa náð sæmilegri færni í lestri fara þeir að lesa sér til fróðleiks. **Upplýsingalestur** nýta þeir meðal annars í greinum eins og samfélagsfræði, náttúrufræði, bókmenntum, tungumálum og stærðfræði.

Við slíkan lestur kynnast nemendur mismunandi textagerðum og leggja ber áherslu á fjölbreytni í þeim efnum. Þá á einnig að kenna þeim fleiri lestraraðferðir en **nákvæmnislestur**, þar sem hvert orð er lesið, og skapa þeim tækifæri til að beita þeim aðferðum. Nemendur þurfa meðal annars að læra

að beita **leitarlestri** til að leita eftir ákveðnum atriðum í texta og æfa **yfirlitslestur** og **skimun lesefnis** en þá er markmiðið að meðtaka innihald textans aðeins í grófum dráttum.

Við lestur námsgreina eflist **orðaforði nemenda**, bæði almennt og að því er snýr að hverri námsgrein fyrir sig. Til að styðja við þann þroska eiga kennarar að hvetja til umræðna um efni tengt námsgreinum og einnig er gott að foreldrar lesi með börnum sínum og ræði um það sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Það hefur komið fram að læsiskennslan er verkefni **allra kennara** skólans og **allra námsgreina**. Í töflunni hér að neðan eru talin upp viðfangsefni og aðferðir í læsiskennslu sem kennarar annarra námsgreina en íslensku sinna:

Lestur námsgreina, kennsluaðferðir og þjálfun	1. bekkur	2. – 3. bekkur	4. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Skóla-safn
Samlestur					
Upplstur kennara					
Umræður					
Hugtök og orð sem tengjast námsgrein kennd					
Gagnvirkur lestur					
Unnið að lausn orðadæma, gátna og þrauta					
Svara leitað í texta, leitarlestur					
Verkefni sem reyna á orðaforða og hugtakaskilning unnin					
Kynningar nemenda á lesefni, munnlega, veggspjöld, ppt-kynningar					
Skrifleg próf úr námsefni					

Lestur myndrita og upplýsingaleit úr þeim kennd					
Yfirlitslestur kenndur					
Upplýsingaöflun á neti, heimildaleit kennd					
Upplýsingaefni í bókum, heimildaleit kennd					
Notkun orðabóka kennd					
Notkun leitarsíðna kennd s.s. Orðabók Háskólans, Vísindavefurinn, Google o.fl.					
Þjálfun í gagnrýnni notkun á upplýsingasíðum á neti.					
Kennt á Dewey uppröðunarkerfið. Unnir verkefni sem þjálfar notkun þess.					

### Ritun

Veigamikill þáttur í lestrarferlinu er svokölluð **umskráning**.

*"Umskráning vísar til þess þegar einstaklingur breytir bókstöfum í hljóð og tengir saman í orð sem hann skilur. Umskráning byggist í miklum mæli á næmi einstaklings fyrir hljóðum tungumálsins og hæfni hans til að vinna með þau á mismunandi vegu".*

(<http://lesvefurinn.hi.is/umskraning>)

Í **ritun** á sér stað sama umskráningarferli og við lestur en í stað þess að bókstöfum sé breytt í hljóð þá er hljóðum umbreytt í bókstafi. Að tjá sig skriflega krefst margs konar færni. Auk **umskráningarfærni** þarf sá sem ritar að hafa **skilning á tungumálinu**, hann þarf að kunna að **byggja upp texta** og **beita málinu** á blæbrigðaríkan hátt. Þar að auki þarf hann að vera fær um að **draga til stafs** eða **skrifa á tölvu**.

Grunnur að færni í ritun er lagður um leið og börn ná valdi á talmálinu. Lestur og hlustun efla ritunarfærni og hefst sú þjálfun á heimilinu. Í Grunnskólanum í Stykkishólmi hefst kennsla í ritun um leið og kennsla í lestri. Ritunarkennsla og þjálfun stendur yfir allan grunnskólann og kennarar eiga að leggja fyrir nemendur verkefni sem þjálfar ritunarfærni markvisst og veita sköpunarþörf þeirra útrás.

Ritun, kennsluaðferðir og þjálfun	1. bekkur	2. – 3. bekkur	4. – 6. bekkur	7. – 10. bekkur	Skóla-safn
Rétt grip um skriffæri þjálfað					
Stafráttur kenndur, ítölsk skrift					
Skriftaræfingar					
Umskráning kennd, hljóðaaðferð, orð					
Uppbygging setninga kennd					
Greinarmerkjasetning					
Málfræði- og stafsetningarkennsla					
Ýmis ritunarverkefni unnin					
Fingrasetning á lyklaborð æfð					
Kennt á ritvinnsluforrit					
Ritun í heimavinnu					
Myndasögur út frá texta					
Ljóðagerð					
Hugarkort (mind map)					
Kennd uppbygging sögu					
Ritunarrámmar nýttir og notkun þeirra kennd					

Mismunandi textaskrif kennd: Smásögur, ævintýri, ljóð, blaðagreinar, leikrit, samtöl					
Frjáls textaskrif					
Bókmenntaritgerðir					
Heimildaritgerðir, tengdar námsgreinum					
Endursagnir					
Útdrættir					
Röksemdafærsluritun					
Stílfærsluritgerð (nemendur setja sig inn í mismunandi aðstæður)					
Gagnrýni					

### **Námsmat**

Í aðalnámskrá er lögð áhersla á að námsmatsaðferðir séu fjölbreyttar og áreiðanlegar (2013:28). Það er framtíðarsýn Grunnskólans í Stykkishólmi að kennarar geri nemendum ljós markmið námsins og að alltaf sé **samræmi á milli markmiða námsins, náms- og kennsluhátta og aðferða við námsmat.**

Stefnt er að því að allir nemendur nái tökum á

- **góðum og öruggum leshraða** (sbr. viðmið hér að neðan).
- **sveigjanlegu lestrarlagi og skýrri og góðri framsögn.**
- **80 – 100% lesskilningi** úr aldurssvarandi texta.
- færni til að **tjá sig skýrt á fjölbreyttan hátt, bæði í töluðu og rituðu máli.**

### **Skilgreiningar á námsmati í lestri**

Skrifleg eða munnleg próf eru lögð fyrir við annarlok eða þegar meta þarf hvernig nemendur hafa tileinkað sér ákveðna kunnáttu eða færni sem kennd hefur verið.

Lestarfærni er prófuð á fremur hefðbundinn hátt þar sem metinn er **leshraði, nákvæmni og skilningur.** Hefðbundin lestrarpróf eru **raddlestrarpróf, og lesskilningspróf:**

## Raddlestrarpróf

Markmið með raddlestrarprófi er að meta hversu **hratt og nákvæmt** nemandi getur lesið **upphátt**, hvort hann tekur eðlilegum framförum og hvar hann stendur miðað við viðmið árgangsins. Lestrarnákvæmni telst viðunandi ef villur eru **undir 3% af lesnum texta**. Í niðurstöðum prófanna kemur alltaf fram hversu mörg atkvæði nemandi las á mínútu og hversu nákvæmt hann las.

Grunnskólinn í Stykkishólmi hefur ákveðið að fara að öllu leyti eftir lesfímiviðmiðum Menntamálastofnunar.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	30	80	110
2. bekkur	60	130	160
3. bekkur	90	170	200
4. bekkur	130	200	240
5. bekkur	150	230	270
6. bekkur	175	260	290
7. bekkur	200	280	320
8. bekkur	215	300	350
9. bekkur	230	300	350
10. bekkur	240	300	350

## Lesskilningspróf

Í lesskilningsprófum lesa nemendur texta og er skilningur þeirra á efni textans prófaður með spurningum.

## Námsmat í lestri í einstökum bekkjum

**1. bekkur.** Fyrir skólabyrjun að vori er málþroskaprófið **HJÓM-2** lagt fyrir alla 6 ára nemendur í

**Leikskólanum í Stykkishólmi** auk þess sem talmeinafræðingur leggur **málþroskakönnun** fyrir þá sem

eru undir viðmiðunarmörkum. Grunnskólinn hefur þær niðurstöður til að byggja áframhaldandi lestrarnám á.

Að hausti er lestrarstaða nemenda könnuð. Í lok hverrar annar eru allir nemendur prófaðir, annaðhvort í lestri eða með stafakönnun.

**2. – 6. bekkur.** Allir nemendur taka **raddlestrarpróf** þrisvar á skólaárinu, þ.e. í september, janúar og maí. Fylgst er sérstaklega með þeim nemendum sem lesa undir viðmiðunarmörkum. Niðurstöður prófanna eru birtar í fjölda lesinna atkvæða.

Lögð eru **lesskilningspróf** fyrir nemendur tvisvar sinnum yfir skólaárið. Nemendur með lestrarörðugleika taka prófið sem **hlustunarskilningspróf**.

**7. - 10. bekkur.** Nemendur í 7. - 10. bekk hafa val um það hvort þeir þreyti raddlestrarpróf.

Lögð eru **lesskilningspróf** fyrir nemendur tvisvar sinnum yfir skólaárið. Nemendur með lestrarörðugleika taka prófið sem **hlustunarskilningspróf**.

Í **7. bekk** er lögð sérstök áhersla á **upplestur** og **framsögn** í tengslum við **Stóru upplestrarkeppnina**. Í framhaldi af henni er **framsagnarpróf** lagt fyrir nemendur 7. bekkjar. Umsjónarkennari og sérkennari taka ákvörðun í samráði við nemendur með sértæka lesröskun um það hvort þeir þreyti framsagnarpróf.

#### Samræmd könnunarpróf

- **4. bekkur:** Íslenska; hlustunar- og lesskilningur og ritun
- **7. bekkur:** Íslenska; lesskilningur og ritun
- **10. bekkur:** Íslenska; lesskilningur og ritun

Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir helstu próf og annað námsmat:

Námsmat	1. bekkur	2. - 3. bekkur	4. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Leshraðapróf– upplestur, við annarlök					
Nemendur í 7.-10.bekk hafa val um það hvort þeir þreyti raddlestrarpróf					
Lesskilningspróf úr ólíkum textagerðum tvisvar sinnum yfir skólaárið					
Skrift – verkefni / símat					
Skriftarpróf					

Stafsetning - verkefni/símat					
Stafsetningarpróf					
Ritun – verkefni /símat					
Verkefnavinna metin - símat					
Samvinnuverkefni metin - símat					

### **Skimanir og greiningar**

Árlega eru lögð fyrir **próf og skimanir** til þess að fylgjast með hvort nemendur taki eðlilegum framförum í lestri. Niðurstöður námsmats og skimana á ávallt að skoða með það að markmiði að meta hvort bregðast þurfi á einn eða annan hátt við árangri nemenda í lestri, jafnt einstaklinga sem hópa. Að auki á að nýta **niðurstöður samræmdra könnunarprófa** í íslensku (hlustun, lesskilningur og ritun) til að meta lestrarfærni nemenda.

Bregðast á við þegar nemendur sýna slaka færni miðað við meðaltal aldurshóps síns og viðmið skólans um árangur. Skipuleggja þarf og bjóða þeim nemendum sérstakan stuðning eða sérkennslu ýmist til lengri tíma eða tímabundið. Leita á eftir samvinnu við heimilin um þjálfun í færniþáttum læsis þar sem bestur árangur næst ef unnið er jafnhliða að þjálfuninni á heimili nemenda og í skólanum.

### **Greiningarpróf**

**LOGOS** (staðlað próf) fyrir 3. – 10. bekk. Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með **leshömlun (dyslexíu)** eða aðra lestrarörðugleika.

**GRP10** (staðlað próf). Prófið er greinandi ritmálspróf í **lestri og stafsetningu** fyrir 10 ára börn. Það metur m.a. leshraða, lestrarnákvæmni, lestraröryggi, tegund villna í lestri og stafsetningu, umskráningu, skammtímaminni og hljóðkerfisvitund. Kennslu- og námsráðgjafi leggur prófið fyrir nemendur í **5. bekk** að hausti.

**TOLD 2P og 2I** málþroskapróf (staðlað próf) sem talmeinafræðingur leggur fyrir nemendur. Prófið metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu. Mat á lestrargetu: Prófið metur m.a. lestur á orðum og texta og þekkingu á stöfum og hljóðum.

**GRP14** (staðlað próf). Prófið er greinandi ritmálspróf í **lestri og stafsetningu** fyrir 14 ára börn. Það metur m.a. leshraða, lestrarnákvæmni, lestraröryggi, trugund villna í lestri og stafsetningu, umskráningu, skammtímaminni og hljóðkerfisvitund. Kennslu- og námsráðgjafi leggur prófið fyrir nemendur í **8. bekk** að vori.

### **Nemendur með lesraskanir**



Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að lestrarnámið reynist nemendum torvelt. Lestrarörðugleikar stafa einkum af:

- **almennum námserfiðleikum** þar sem erfiðleikar í lestrarnáminu eru hluti almenna vandans.
- **sértækum námsörðugleikum** þar sem skert sjón, heyrn, hreyfifærni, tal eða aðrir líffræðilegir erfiðleikar eru til staðar.
- **félags- og tilfinningaörðugleikum** sem trufla lestrarnámið.
- **dyslexíu (leshömlun)**. Skert hljóðkerfisvitund er talin vera meginorsök dyslexíu. Einkenni hennar eru **einstaklingsbundin** og **margþætt**. Það sem skilur leshamlaða frá öðrum með

lesröskun er að vandamál þeirra eru sérstaklega langvarandi og erfitt að vinna bug á þeim. Það tekst þó oft vel með markvissum vinnubrögðum og góðri samvinnu heimilis og skóla.

Nemendur með lestrarerfiðleika fá oft ekki næga hvatningu til að lesa og eykur það enn á vanda þeirra (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:78). Lestrarvandi getur tengst erfiðleikum með **málskilning, lesskilning og umskráningu**. Nemendur sem eiga í vanda með umskráningu, og eiga því erfiðara með að ná góðum leshraða, þróa oft með sér lesskilningserfiðleika þegar þeir eldast þar sem þeim hættir til að lesa lítið. Fyrir slíka nemendur skiptir því **lestrarþjálfun** miklu máli en þeir þurfa gjarnan meiri hvatningu og þjálfun en aðrir nemendur (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010:75-76). Rannsóknir hafa sýnt fram á það að með markvissri kennslu og þjálfun í **lesskilningsaðferðum** er hægt að aðstoða nemendur með lesskilningserfiðleika og gera þá að betri lesendum.

Allir kennarar eiga að hafa sérstakar þarfir nemenda sinna í huga við skipulag kennslunnar og reyna eftir fremsta megni að mæta þörfum hvers og eins. Leita á leiða til að **öllum nemendum sé gert kleift að vinna sem mest í hópi annarra nemenda**. Í því skyni á að:

- aðlaga læsistengt námsefni að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu.
- nýta tölvur við nám og kennslu. Nemendur eiga að fá tækifæri til að þjálfra færni í ákv. þáttum í námsforritum og vinna ýmis verkefni á tölvur.
- nýta hlustunarefni í kennslustofum. Hljóðbækur á að kynna fyrir nemendum og foreldrum þeirra strax á yngsta stigi og hvetja þá til að meta hvort hlustunarefni henti þeim.
- aðlaga námsmat að þörfum/færni nemenda og bjóða þeim upp á sérstaka aðstoð við próftöku.
- skipuleggja starf stuðningsfulltrúa svo að þeir nýtist vel til aðstoðar nemendum í bekk.

### **Nemendur með íslensku sem annað mál**

Almennt er stefnt að því að nemendur með íslensku sem annað mál vinni sem mest í hópi íslenskumælandi nemenda. Nemendum sem eru nýkomnir til landsins er þó boðið upp á sérkennslu í íslensku í fámennum hópi.

Til þess að gera nemendum með íslensku sem annað mál kleift að vinna í hópi annarra nemenda á að **aðlaga læsistengt námsefni** að þeirra færni og **nýta tölvur og hljóðbækur** við nám og kennslu. Leggja á mikla áherslu á **lestur þeirra á íslensku** í skólanum og hvetja foreldra þeirra til að kenna þeim að **lesa á sínu móðurmáli** eða halda við þeirri færni. Skipuleggja á starf **stuðningsfulltrúa** þannig að þeir nýtist vel til aðstoðar nemendum í bekk eftir þörfum og **aðlaga námsmat** að færni nemenda.

#### **Heimildir:**

*Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013.* (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprent.

Hafsteinn Karlsson. (Vefútgáfa 2005). *Að lesa og skrifa: Handbók fyrir móðurmálskennara*. Sótt 14. maí 2013 af [www.ismennt.is/not/hsteinn/Að%20lesa%20og%20skrifa.pdf](http://www.ismennt.is/not/hsteinn/Að%20lesa%20og%20skrifa.pdf).

Þuríður J. Jóhannsdóttir og Torfi Hjartason. (Án ártals). *BarnUng – Vefur um barna- og unglíngabókmenntir*. Sótt 15. maí 2013 af <http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>.

#### **Áhugaverðir tenglar og bækur:**

**Lesvefurinn** er góður vefur um læsi og lestrarerfiðleika þar sem meðal annars má finna leiðbeiningar til foreldra, kennara og barna: <http://lesvefurinn.hi.is/>.

**BarnUng** er vefur um barna- og unglíngabókmenntir. Vefurinn hefur ekki verið uppfærður nýlega en þrátt fyrir það má á honum finna upplýsingar og umsagnir barna um bækur og fræðsluefni fyrir foreldra og kennara: <http://mennta.hi.is/vefir/barnung/>.

Á vef **Upplýsingavers Laugalækjarskóla** má finna bókalista og fleira áhugavert efni:

<http://safn.laugalaekjarskoli.is/>.

**Bókhlaðan okkar** er námsvefur gefinn út af Námsgagnastofnun. Þar má finna fjölbreytt gagnvirk verkefni úr tíu unglíngabókum: <http://www1.nams.is/bokhladan/index.html>

Bókin **Eflum lesskilning** er fræðilegt og hagnýtt rit um lesskilning og lesskilningskennslu. Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning*. Reykjavík: Háskólaprent.